



Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 24. apríl 2017

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna heitis Einkaleyfastofunnar, 371. mál.

Þann 6. apríl síðastliðinn barst Samtökum iðnaðarins (hér eftir „SI“) umsagnarbeiðni vegna ofangreinds frumvarps. Með frumvarpinu er lagt til að breyta nafni Einkaleyfastofunnar í Hugverkastofan. SI eru mótfallin því að nafni Einkaleyfastofunnar verði breytt á framangreinda leið og færa fyrir því eftirfarandi rök.

Í fyrsta lagi telja SI að heitið Hugverkastofan bendi til þess að stofnunin hafi með höndum viðtækari og meiri starfsemi en hún hefur í raun og veru. Hlutverk Einkaleyfastofunnar er skilgreint í 2. gr. reglugerðar um Einkaleyfastofu nr. 188/1991. Þar kemur fram að hlutverk hennar sé einkum að **(i)** fara með málefni varðandi einkaleyfi, vörumerki, hönnunarvernd og önnur hliðstæð réttindi sem kveðið er á um í lögum, reglugerðum og alþjóðasamningum um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar, **(ii)** veita einstaklingum, stofnunum og atvinnufyrirtækjum upplýsingar og ráðgjöf varðandi hugverkaréttindi í iðnaði og **(iii)** stuðla að því að ný tækni og þekking sem felst í skráðum hugverkaréttindum verði aðgengileg almenningi.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur m.a. fram að með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar hafi heitið Einkaleyfastofan of þrönga skírskotun og að ábyrgðarsvið Einkaleyfastofunnar „*tengist hugverkaréttindum almennt.*“ Að mati SI er þetta rangt. Einkaleyfastofan hefur með höndum þrjá af fjórum meginþáttum hugverkaréttinda, þ.e. **(i)** vörumerki, **(ii)** einkaleyfi og **(iii)** hönnun. Fjórdi þátturinn er höfundaréttur, sbr. til að mynda höfundaréttindi í myndlist, tónlist, kvikmyndum og bókmenntum. Skráning og þjónusta í tengslum við höfundaréttindi er á höndum annarra stofnana og samtaka, sbr. t.d. STEF, SFH o.fl. Höfundaréttindi eru veigamikill þáttur í menningu hugverkaréttindi og að mati SI er Hugverkastofan því villandi heiti fyrir þá stofnun sem hér um ræðir.

Í annan stað benda SI á að í greinargerð með frumvarpinu segir að nokkrar erlendar hugverkastofur hafi á liðnum árum fengið ný heiti sem lýsi betur starfsemi þeirra og sé sú þróun m.a. í takt við aukinn skilning á hugverkum. Óljóst er hvaða erlendu stofnanir um ræðir. Sé hins vegar litið til nágrannalanda okkar, sem við berum okkur gjarnan saman við, er ljóst að einkaleyfaskírskotunin er ríkjandi hvað varðar heiti sambærilegra stofnana og Einkaleyfastofu sbr. t.d. Finnish Patent & Registration office (Finnland), Danish Patent and Trademark office (Danmörk), The Swedish Patent and Registration office (Svíþjóð) og Norwegian Industrial Property Office (Noregur).

Að lokum taka SI fram og leggja áherslu á að aukinn skilningur á hugverkum er fagnaðarefni. Þá kann vel að vera að heitið Einkaleyfastofan feli í sér of þrönga skírskotun og lýsi ekki með fullnægjandi hætti þeirri starfsemi sem fram fer í stofnuninni. Með vísan til alls ofangreinds er það hins vegar mat SI að heitið Hugverkastofan feli í sér allt of breiða



skírskotun og sé mun frekar til þess fallið að vera villandi en núverandi heiti Einkaleyfastofunnar. SI mótmæla þannig frumvarpinu í heild sinni.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Bryndís Jónatansdóttir', written over a horizontal line.

Bryndís Jónatansdóttir,
sérfræðingur í greiníngum

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Sigríður Heimisdóttir', written over a horizontal line.

Sigríður Heimisdóttir,
sviðsstjóri hugverkasviðs